

Innritun í grunnskóla

Innritun í grunnskóla Mosfellsbæjar fyrir skólaárið 2012-13 fer fram í gegnum Íbúagátt Mosfellsbæjar. Innritun 6 ára barna sem hefja grunnskólagöngu haustið 2012 fer fram frá 1. mars til 18. mars og skulu nemendur sækja grunnskóla eftir búsetu.

Stóra upplestrarkeppnin



Undankeppni fyrir Stóru upplestrarkeppnina fór fram í hátíðarsal skólans 8. febrúar sl. Tíu nemendur kepptu fyrir hönd íslenskuhópa sinna. Þeir nemendur sem urðu fyrir valinu voru: Erna og Agla í 7. E.J. og Halldór, Davíð Sindri og Árni í 7. HMH. Þau verða fulltrúar Varmárskóla á lokakvöldi Stóru upplestrar keppinnar sem fram fer í Varmárskóla þann 15. mars nk. kl. 20. Allir velkomnir.

Varmárskóli í 3. sæti í Skólahreysti

Varmárskóli hreppti 3. sætið í Skólahreysti sem haldið var á dögnum. Keppendur Varmárskóla voru: Aron Ingi Kevinsson og Tamar Lipka Pormarsdóttir. Þau kepptu í hraðabraut og lentu í 4. sæti. Einar Karl Jónsson keppti í upphýfingum og dýfum og stóð sig mjög vel. Þórdís Rögn Jónsdóttir keppti í armbeygjum og hreystigreypi. Hún hékk lengst allra stúlknanna og sigraði því hreystigreypina. Svo sannarlega stórglæsilegur árangur hjá þessum frábæru krökkum.



Stórglæsilegir keppendur Varmárskóla, sem svo sannarlega uppskáru árangur erfiðis síns. Þau Þórdís Rögn Jónsdóttir, Aron Ingi Kevinsson, Einar Karl Jónsson og Tamar Lipka.

Silfurverðlaun í Lífshlaupinu

Nemendur og starfsmenn Varmárskóla tóku þátt í Lífshlaupinu, vinnustaðakeppni og hvatningarleik grunnskólanna, sem fram fór í 5. skiptið sl. febrúar. Að þessu sinni lentu nemendur skólans í 2. sæti sem er frábær árangur þar sem þátttaka í Lífshlaupinu hefur aldrei verið eins mikil og nú í ár. Starfsmenn skólans enduðu í 4. sæti sem er frábær árangur. Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri Varmárskóla, veitti verðlaununum viðtöku, ásamt fulltrúum nemenda, en skólinn fékk silfurplatta fyrir 2. sæti nemenda.



Fulltrúar vinningshafa. Nemendur Varmárskóla hafa tekið þátt í Lífshlaupinu frá upphafi og alltaf lenti í þremur efstu sætum.

Virðing - Jákvæðni - Framsækni - Umhyggja

Grænfánanum flaggað í vor?

Varmárskóli tekur þátt í verkefni-
inu „Skólar á grænni grein“ en það
er alþjóðlegt verkefni til að auka
umhverfismennt og styrkja
umhverfisstefnu í skólum. Þeir
skólar sem vilja komast á græna
grein í umhverfismálum leitast við
að stíga skrefin sjö, sem eru
ákveðin verkefni sem efla vitund
nemenda, kennara og annarra
starfsmanna skólans um umhverf-
ismál. Þegar því marki er náð fá
skólarnir leyfi til að flagga
Grænfánanum og stefnir Varmár-
skóli að því á 50 ára afmælishátíð
skólans í vor. Eitt af skrefunum sjö
er að skólinn setji sér umhverfis-
sáttmála sem lýsir í stuttu máli
heildarstefnu skólans í umhverfis-
málum. Varmárskóli hefur lokið við
gerð umhverfissáttmálans sem
unninn var í samstarfi nemenda,
starfsfólks og foreldra í um-
hverfisnefnd.



Umhverfissáttmáli Varmárskóla

- Við göngum vel um skólann og umhverfi hans. Við berum virðingu fyrir náttúrunni.
- Við gætum þess að skemma ekki tré eða annan gróður. Við forðumst að menga vatn í ám, lækjum og sjó.
- Við stefnum að betri nýtingu þess efnis sem við notum. Við flokkum úrgang og söfnum til endurvinnslu. Við notum eins lítið af einnota hlutum og mögulegt er.
- Við förum vel með orku, vatn og aðrar auðlindir. Við drögum úr notkun einkabílsins og göngum eða hjólum í staðinn.



Afmælisskáknot

Þórdís Ásgeirsdóttir kennari í
Vinaleið stóð fyrir afmælis-
skáknoti fyrir 4., 5. og 6. bekk í
tílfni 50 ára afmæli Varmár-
skóla. Allir þátttakendur mótsins
fengu viðurkenningu og þeir sem
lentu í efstu sætunum fengu auk
þess verðlaunapening. Þórdís
kom einnig færandi hendi og
heklaði vinabönd fyrir alla 350
nemendur yngri deildar í tílfni
kærleiksvikunnar.

Spurningakeppni grunnskóla

Varmárskóli sendi lið í
Spurningakeppni
grunnskóla í janúar sl.
Spurningaliðið var skipað
þeim Aðalbjörgu 10. TH,
Stefáni Má 10. HE og
Stefni 9. KH. Lið skólans
féll naumlega úr
keppninni í 2. riðli eftir að
hafa sigrað 1. riðil.

Porrablót hjá 4. bekk

Krakkarnir í 4. bekk héldu þorrablót í febrúar sl. og buðu foreldrum og systkinum sínum upp á kynningu úr námsefninu um Ísland áður fyrr. Þau kynntu leiki barna og menntun, störf fólks, fatnað, mat og húsakynni í hinu íslenska bændasamfélagi um aldamótin 1900. Eftir kynninguna var svo slegið upp þorrablóti þar sem allir lögðu á sameiginlegt hlaðborð. Þar fengu allir að gæða sér á hinum íslenska þorramat og úr varð hin besta skemmtun.



Samsýningin Huxi í Listasalnum

Nemendur 10. bekkjar í Myndmennt Val endurophuðu nýverið sýninguna *Huxi* í Listasal Mosfellsbæjar. Nemendurnir taka þátt í samsýningu listamannanna Hugleiks Dagssonar og Arnar Tönsberg sem opnaði 26. janúar sl. Nemendum 10. bekkjar í samvinnu við Lágafellsskóla hlotnaðist sá heiður að vera boðið að taka þátt í þessari spennandi sýningu. Verkefnið er samvinnuverkefni myndlistakennaranna Betu í Gaggó Mos, Örnú í Lágafellsskóla ásamt Listasal Mosfellsbæjar.



Heimsókn til Lettlands

Víkuna 11. – 16. febrúar sl. tóku 15 nemendur og þrjú kennarar úr Varmárskóla þátt í Nordplus junior verkefni í Riga í Lettlandi. Nemendurnir heimsóttu jafnaldra sína í Rīgas Zolitūdes Ģimnazija skólanum. Þeir voru að vinna að verkefnum um mengun, umhverfi, heilsu og hreyfingu. Íslensku nemendurnir kynntu m.a. Ísland, Mosfellsbæ og Varmárskóla. Lettnesku nemendurnir og kennarar þeirra koma til Íslands 9. apríl og þá verður áfram unnið með markmið verkefnisins.



Árlegt klinkkvöld 10. bekkja var haldið 2. febrúar sl. Með því söfnuðu nemendurnir fyrir útskriftarferð sinni í vor. Boðið var upp á ýmsar uppákomur fyrir yngri nemendur sem þurftu að borga sig inn með smápeningum. Til dæmis má nefna töfrabrögd, draugasögur, upplestur, dansherbergi og margt fleira.

Öskudagur - Líf og fjör

Það var mikið líf og fjör á Öskudaginn, bæði í yngri og eldri deild Varmárskóla. Nemendur mættu í hinum ýmsu gervum og gaman að sjá frjótt ímyndunarafli nemenda og foreldra njóta sín. Í boði var m.a. karíokí keppni hjá 6. bekk og fengu 5. bekkjar að fylgjast með. Síðan var kötturinn sleginn úr tunnunni í íþróttasalnum. Nemendur í eldri deild dönsuðu kónga um ganga skólans, veitt voru verðlaun fyrir frumlegustu búningana og töframadaur mætti á svæðið. Mjög góður og skemmtilegur dagur eins og sést á meðfylgjandi myndum.

